

FÓLKID Í BLOKKINNI

g *em7*
Guðmundur góði
c *d*
gaf fulla flösku af blóði.
g *em7* *c* *d*
Hann er með ótrúlega sjaldgæft blóð.
g *em7* *c* *d*
Sigurður sæti, sendill hjá Ágæti,
g *em7* *c* *d*
hann yrkir ógeðslega væmin ljóð.
g *em7*
Jónmundur jaki
c *d*
vann jólamót í blaki.
g *em7* *c* *d*
Hann fór að hágráta þar sem hann stóð.

c *g*
Við búum öll í sömu blokk í Hólunum;
c *g*
okkar blokk er langmest skreytt á jólnunum
c *g*
þó sumir standi aldrei upp úr stólunum.
f
Er það ekki skítið
em
hvað sumir segja lítið?
a
Þeir vakna bara í bítið
d *c/bm/d*
í sjálfskaparvítið.

Hermundur Hansson
(hann mun vera Fransson),
lætur sig dreyma um amerískan skjóð.
Vernharður Vífill
(sem vill heita Fífill),
hann ræktar jurtir sem drekka nautablóð.
Steingrímur sterki
stal eplinu af Berki
og segir að ávextir spilli vorri þjóð.

Loftur Loftsson heitir besti vinur minn.
Hann bý hérna á loftinu með hundinn sinn.
Og hundurinn er þrjóskari en déskotinn.
Er það ekki skrítið

hvað sumir segja lítið?
Þeir vakna bara í bítíð
í sjálfskaparvítíð.

Valgerður Vala
vinnur við að tala.
Hún svarar í síma alveg spreng lafmóð.
Svo þegir hún heima
og hamast við að gleyma;
vill helst ekki heyra nokkurt einasta hljóð.
Kristmundur kennó,
kennir ensku í menntó.
Á sumrin fer hann einn á Njáluslóð.

Pabbi minn hann Tryggvi selur tryggingar.
Þú tryggir ekki löngu brunnar byggingar.
Hann pabbi segir: Lífið hefur skyggingar.
Er það ekki skrítið
hvað sumur segja lítið?
Þeir vakna bara í bítíð
í sjálfskaparvítíð!

Geirmundur grimmi,
hann gæti verið krimmi;
hann grýtti fölsku tönnunum útá lóð.
Kona, hún Karin,
ku víst verða farin
því karlinn hann á engan lífeyrissjóð.
Og dóttirin Dóra
drekur marga bjóra,
digur sem fjallkona og alltaf lafmóð.

Við búum öll í sömu blokk í Hólunum;
okkar blokk er langmest skreytt á jólunum
þó sumir standi aldrei upp úr stólunum.
Er það ekki skítíð
hvað sumir segja lítið?
Þeir vakna bara í bítíð
í sjálfskaparvítíð.

NORNIN

c *g*
Hér í næstu íbúð
g *g*
bý norn með svartan kött;
a# *f* *c*
á næturnar hún flýgur um á priki.
c *g*
Hún les í kristalskúlu

c *g*
 og leggur Tarotspil
a# *f* *c*
 og leysir margra vanda fyrir lítið.
em7 *am7*
 Hún er svört á brún og brá
em7 *am7*
 með bjöllu á stórutá
f *em7*
 og hvössum augum horfir'ún
dm *c*
 á þá sem ganga hjá.
f g c am
 Hún er vinur minn,
f *g* *c* *a7*
 nornin með kolsvarta köttinn sinn.
f g c am
 Hún er vinur minn,
f *g* *c*
 nornin með flugkústinn sinn.

Hún ástardrykki blandar
 og eldar galdragraut
 og andaglösin hreyfir fyrir lítið.
 Hún drauma þína ræður
 og dregur stjörnukort;
 er þetta ekki dularfullt og skrítið?
 Hún er svört á brún og brá
 með bjöllu á stórutá
 og hvössum augum horfir'ún
 á þá sem ganga hjá.
 Hún er vinur minn,
 nornin með kolsvarta köttinn sinn.
 Hún er vinur minn
 nornin með flugkústinn sinn.

HÁRFINNUR HÁRFÍNI

a *b*
 Hann klippir sundur og hann klippir saman.
d *e*
 Hann klippir af því honum finnst það gaman.
a *b*
 Hann klippir í austur, hann klippir í vestur.
a *e*
 Hann Hárfinnur hann er lang, lang bestur.
a *b*

Hann klippir konur og hann klippir kalla,
d e
hann klippir alla og hann stoppar valla!

a b
Hárfinnur hárfíni,
d dm a
hann er bæjarins allra, allra mesti snyrtipínni,
b d dm a b - d - e
úhú, hann er ótrúlega lunkinn í hárlístinni.

a g# c#m f#
Hárfínni finnst höfuð vera tækifæri.
bm e f g a
Hann gerir ekki mannámun, hver sem þú ert.
a g# c#m f#
Hans kikk er að fara á kostunum með greiðu og skæri.

bm e f g a
Hann kallar á þig, sækir þig um strætið þvert.

Hann klippir á daginn, klippir um nætur,
hann klippir hlæjandi og þegar hann grætur.
Hann klippir saddur og hann klippir svangur,
hann klippir þig þótt þú sér þriggja metra langur.
Hann klippir á Dalvík, klippir í Eyjum,
hann klippir ungabörn með kúk og piss í bleium.

Hárfinnur hárfíni,
hann er bæjarins allra, allra mesti snyrtipínni.
Hann ótrúlega lunkinn í hárlístinni.
Hjá Hárfínni hver lokkur öðlast listrænt gildi.
Hann laðar fram það besta í þér, hver sem þú ert.
Höfuðlagið nálgast hann af næmri mildi,
næstum eins og höfuðleðrið sé alsbert;
hann getur ekki að því gert.

Já, hann klippir upp, svo klippir hann niður,
hann klippir alltaf, það er enginn friður.
Hann klippir í blöðin, hann klippir í bækur,
hann klippir í svefni, það er orðin kækur.
Hann klippir stjörnur og hann klippir sólar.
Hann klippir þig þótt þú æpir og gólir.
Hárfinnur hárfíni, hann er bæjarins allra, allra mesti snyrtipínni.
Hann er ótrúlega lunkinn í hárlístinni.
Hann er bæjarins allra, allra mesti snyrtipínni,
hann er ótrúlega lunkinn – hann Hárfinnur!

OFURMENNID

a *e*
Hann átti heima á stjörnu sem var græn og góð.

b *e* *e7*
Hann gantaðist og lék sér úti á skólalóð.

a *e*
Já, Ofurmennið óx úr grasi og allt gekk vel,

b *c#m*
hann æfði sig og flaug um eins og fugl,

f# *b*
eins og fugl með stél.

a *e*
Svo gerðist það að vori með veður mild og blíð

b *e* *e7*
að vitfiringar hófu á hnetti þessum stríð.

a *e*
Þeir lögðu alla stjörnuna í rjúkandi rúst,

b *c#m*
að lokum reyndist hvergi vera heilleg,

f# *b*
nei, hvergi heilleg þúst.

e *b* *c#m* *g#m*
Ofurmennið er ósköp líkur þér.

a *e*
Hann er einmana

f#m *b*
alveg eins og þú.

e *b*
Hann á herðaslá

c#m *g#m*
sem er himinblá.

a *e*
Hann flýgur oft í svefni

f#m *b*
alveg eins og þú.

a *e*
Bara einn komst undan, það var Ofurhetjan slyng

b *e* *e7*
sem endaði á Jörðinni, og flaug þar stóran hring;

a *e*
lenti svo á Landakotstúni um miðja nótt,

b *c#m*
litaðist um og sá að flestir,

f# *b*
já, flestir sváfu rótt.

Þá gekk hann sem leiðin liggur niðrá Hótel Borg,
leigði sér þar herbergi, en gekk svo út á Torg.
Þar mætti hann fólki sem fannst hann vera klár,

- fatnaðurinn æðislegur; og blátt,
já, blátt og liðað hár!

Hann komst að því að vitsmunaverur bjuggu hér,
verur sem kunnu að tala og skemmta sér;
verur sem vildu syngja og dansa dægrið löng
og dunda við að veiða silungsbröndu,
já, silung á stöng.

Ofurmennið er ósköp líkur þér.
Hann er einmana
alveg eins og þú.
Hann á herðaslá
sem er himinblá.
Hann flýgur oft í svefni
alveg eins og þú.

En þó að Ofurmennið segi: Ég á heima hér!
Þá hugsar það innst inni með sjálfu sér:
það eiga allir heima bara á einum stað,
já, innst inni í hjarta mínu veit ég,
þá veit ég,
nú veit ég það!

Ofurmennið er ósköp líkur þér.
Hann er einmana
alveg eins og þú.
Hann á herðaslá
sem er himinblá.
Hann flýgur oft í svefni
alveg eins og þú.

Ofurmennið er ekki fæddur hér,
hann er innflytjandi
alveg eins og þú.
Hann á herðaslá
sem er himinblá.
Hann flýgur oft í svefni
alveg eins og þú.

SARA SYSTIR

c g am f
Ég á systur sem heitir Sara,
c g am f
hún er svölust á norðurhjara.
c g am f
Það hefur enginn roð við henni.
c g am f
Hún Sara er hálfgerð ofurmenni.

g c/g/f
Ef þú abbast upp á hana,
g c/g/f
hún galdrar á þig rana,
g c/g/f/g
hún setur á þig krana,
g c/g/f/g
hún breytir þér í hana.

c e7 am f
Hún er brellótt hún Sara systir,
c e7 am f
sú kann aldeilis að leika ýmsar listir;
g c/g/f
hún breytir tildurdrós í spiladós,
g c/g/f
hún breytir ræningja í græningja,
g c/g/f
hún breytir grobbum gaur í ljósastaur.
c e7 am f
Þú skalt ekki abbast upp á Söru,
c e7 am f
hún gæti galdrað í þig ævilanga störu;
g c/g/f
hún breytir tildurdrós í spiladós,
g c/g/f
hún breytir ræningja í græningja,
g
hún breytir grobbum gaur
c/g/f/g
í ljósastaur.

Ég á systur sem heitir Sara.
Alltaf nennir hún mér að svara.
Hún er vinur vina sinna,
verndar þá sem geta minna.

Ef þú abbast upp á hana,
hún galdrar á þig rana,
hún setur á þig krana,
hún breytir þér í hana.

Ef þú abbast upp á hana,
hún galdrar á þig rana,
hún setur á þig krana,
hún breytir þér í hana,
hún breytir tildurdrós í spiladós,
hún breytir ræningja í græningja,
hún setur á þig krana,
hún breytir þér í hana.

HITTU NAGLANN Á HÖFUÐIÐ

a c#m g bm g f
Trésmiður verður að hitta naglann á höfuðið.
a c#m g bm g f
Múrari verður að þola að fara oft í steypubað.
a c#m g bm g f
Matsveininn verður að hafa kjöt á heilanum.

c em7 am
Það er svo merkilegt margt
am/g f g
sem þú missir út úr þér.
c em7 am
Orðin þau þýða ekki alltaf
am/g f g
það sama hjá þér og mér.

Sjómaður má ekki hafa gellu í kojunni.
Járnsmiður má ekki klikka þó hitni í kolunum.
Skósmiður má ekki vera með allt á hælunum.

Það er svo merkilegt margt
sem þú missir út úr þér.
Orðin þau þýða ekki alltaf
það sama hjá þér og mér.

Jólasveinn má ekki hafa óhreint mél í pokanum.
Bílstjóri má ekki fara veg allrar veraldar.
Söngvari má ekki hengja sig alfarið í raddböndin.

Það er svo merkilegt margt
sem þú missir út úr þér.
Orðin þau þýða ekki alltaf
það sama hjá þér og mér.

Flugmaður verður að geta lifað af loftinu.
Leikari verður að geta leikið á sjálfan sig.
Tannlæknir verður að geta bitið á harðjaxlinn.

Það er svo merkilegt margt
sem þú missir út úr þér.
Orðin þau þýða ekki alltaf
það sama hjá þér og mér.
Það er svo gaman
að geta fyllt út í orðin tóm,
gefið orðunum nýja merkingu
og nýjan hljóm.

INGI SJÓRÆNINGI

c *e7* *am* *f*
Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðinn stór?

c *e7* *am* *f*
Ístrukall sem reykir og drekkur dósabjór?

c *e7* *am* *fm*
Eða viltu verða eins og hann Ingi,

am *g f g c am*

hann Ingi sjóræningi,

f g f g c

sjóræninginn slyngi.

f6 *em7* *dm* *c*
Hann siglir út um höfin breið með sigurbros á brá,

f *em7* *dm* *c*
á sjóræningjaskútunni með möstrin himinhá.

a7 *dm*
Hann eltir uppi alla þá

fm
sem eittra höfin blá.

am g f g c
Hann Ingi sjóræningi,

f g f g c

sjóræninginn slyngi.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðinn stór,
ægilegur sóði sem þvær sér upp úr klór?

Eða viltu verða eins og hann Ingi,

hann Ingi sjóræningi,

sjóræninginn slyngi.

Ef sér hann Ingi olíu á floti um allan sjó,
hann anna sér ekki hvíldar og hann þekkir ekki ró,
fyrir en okkar Atlandssær
er aftur blár og tær.

Hann Ingi sjóræningi,
sjóræninginn slyngi.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðinn stór,
æðislega ríkur, feitur eða mjór?

Eða viltu verða eins og hann Ingi,

hann Ingi, sjóræningi, sjóræninginn slyngi.

Hann Ingi hefur áhyggjur af okkar góðu Jörð
og ef hann rekst á sóða verða augun eitilhörð.
Hann fylgist með úr mastrinu hvort mengun breiðist út
og margan hirðir plastbrúsann og dularfullan kút.
Og skeldýrin hann skyggjir vel, skoðar hval og sel.

Hann Ingi sjóræningi,
sjóræninginn slyngi.

Hann Ingi sjóræningi,
sjóræninginn Ingi.

ÉG ÞEKKI STRÁK

d em7 f#m7 g a

Ég þekki strák sem þykist vera að hugsa,

d em7 f#m7 g a

þótt allir viti að hann er bara að slugsá.

d em7 fm7 g a

Hann er einn af þeim sem alltaf fer að hlæja,

d em7 fm7 g a

en enginn stelpa vill kyssa þannig gæja.

bm e

Lífið er eintóm látalæti.

bm e

Lífið er eintóm hundakæti.

bm f# g gm gm7

Lífið er algjört hnossgæti.

Da ra da da da da da da dadan

gm7 - c7 - f - dm

gm7 - c7 - f - dm

gm7 - c7 - f - dm

gm7 - c7 - f - g - a

Ég þekki strák sem alltaf er á iði,
hann getur aldrei látið nokkurn mann í friði.
Hann er einn af þeim sem ekki kann að þegja
en hefur aldrei frá nokkrum hlut að segja.

Lífið er eintóm látalæti.

Lífið er eintóm hundakæti.

Lífið er algjört hnossgæti.

Ég þekki strák sem stundar ljósabekki,
hann er svo kolbrúnn að ég þekk'ann stundum ekki.
Hann hefur verið að rækta á sér vöðva
þó vandi hans sé órækt heilastöðva.

Við skulum skemmta okkur saman.

Við skulum hafa af þessu gaman.

Við verðum fallelgrí í framan.

Ég þekki strák sem starir út í geiminn
og þessi strákur hann er óskaplega feiminn.
Ég heyr'ann aldrei hrópa eða flissa
en það er hann sem ég vil langhelst kyssa.

Við skulum skemmta okkur saman.

Við skulum hafa af þessu gaman.
Við verðum fállegri í framan.

ELÍN

c am f g
Elín með alla sína drauma.

c am f g
Elín með alla sína drauma.

e e7 am c
Elín, Elín, dagar þínir líkjast
d g
laufi á grein.

c am f g
Elín með allar sínar vonir.

c am f g
Elín með allar sínar vonir.

e e7 am c
Elín, Elín, dagar þínir líkjast
d g
laufi á grein.

c d f g
Elín, þú gafst meir'en þú veist.

c d f g
Elín, hví fer lífið svo geyst?

c d f g
Elín með hjarta svo heitt.

e e7
Elín, Elín,
am c
kannski á morgun
d g
verður allt breytt?

Elín með alla sína drauma.
Elín með alla sína drauma.
Elín, Elín, dagar þínir líkjast
laufi á grein.

Elín með allar sínar sorgir.
Elín með allar sínar sorgir.
Elín, Elín, dagar þínir líkjast
laufi á grein.

Elín, þú gafst meir'en þú veist.
Elín, hví fer lífið svo geyst?
Elín með höfuð svo þreytt.
Elín, Elín,
kannski á morgun

verður allt breytt?

ÞAÐ RIGNIR

g c g
Það rigndi í morgun.

g c g
Það rigndi í gær.

g c g
Það rignir á hendur.

g d g
Það rignir á tær.

g c g
Það rignir á hesta.

g c g
Það rignir á kýr.

g c g
Það rignir á hunda

g d g
og öll önnur dýr.

g c g
Það rignir á dali.

g c g
Það rignir á fjöll.

g c g
Það rignir á dverga

g d g
og það rignir á tröll.

a7

Ég vil fara út
í sundskýlu með kút

c em7
hopp'í pollunum

am7 d7
og drekka rigningu af stút.

c bm7 am7 g
Úr skýjunum lekur skemmtileg bleyta.

c bm7 am7 g
Ég skokka um götuna blautur í gegn.

c bm7 am7 g
Þeir fullorðnu hár sitt rífa og reyta

c bm7 am7 d g
og segja allt ljótt um þetta ágæta regn.

Það rignir snemma.

Það rignir seint.

Það rignir í hringi

og það rignir beint.

Það rignir á rassa.

Það rignir á brjóst.
Það rignir á löngu
og það rignir á pósti.
Ég vil fara út
í sundskýlu með kút
hopp í pollunum
og drekka rigningu af stút.

Úr skýjunum lekur skemmtileg bleyta.
Ég skokka um götuna blautur í gegn.
Þeir fullorðnu hár sitt rífa og reyta
og segja allt ljótt um þetta ágæta regn.

VETUR KÓNGUR

d e a f#m
Já, vetur kóngur kominn er á ný
d e a f#m
með kalið nefið og vindbólgin ský.
d e a f#m
Hann sáldrar snjónum yfir allt og allt.
g a g e
Snúrustaurinn skelfur, honum er svo kalt.

d e a f#m
Kötturinn malar eins og malbiksvél.
d e a f#m
Mókir og dreymir um fugla með stél.
d e a f#m
Já, kötturinn upp kryppu sinni snýr.
g a g e
Kveðst vera nútíma heimilisdyr.

d e a f#m
Ég von'ann snjóí bara í alla nótt.
d e a f#m
Ég von'ann snjóí heila ofurgnótt.
d e a f#m
Ég von'ann snjóí yfir öll mín spor.
g e
Ég von'ann snjóí fram á vor.

Ég stend hér einn við stofugluggann minn.
Stormurinn hamast en hann kemst ekki inn.
Mamma og pabbi sofa sætt og rótt.
Svona missir fólk af góðri nótt.

Ég von'ann snjóí bara í alla nótt.
Ég von'ann snjóí heima ofurgnótt.
Ég von'ann snjóí yfir öll mín spor.
Ég von'ann snjóí alveg fram á vor.

Já, það er gott að geta setið hér.
Með gæsa húðinni og sjálfum sér.
Þetta er miklu betra en bíómynd.
Ég bið um meiri snjó og vind.

Ég von'ann snjó bara í alla nótt.
Ég von'ann snjó heima ofurnótt.
Ég von'ann snjó yfir öll mín spor.
Ég von'ann snjó alveg fram á vor.

Ég og Fúsi í finu snjóhúsi!

GÓÐA NÓTT.

am em f c
Já, þegar stjörnuaugun opnast hljóð
dm c e am am/g
á Ísalandi sofa börnin góð,
f c g am/g
og þótt hrollkaldur vindur hefji upp raust,
f c am am/g
þau búa í húsi sem eru bjart og traust.
f c am am/g
Í öðrum löndum eru önnur börn
f c g am/g
sem eiga ekkert rúm og eiga enga vörn.
f c g am/g
Góða nótt, góða nótt, góð nótt, góða nótt.
f c g am/g - am6 - g9
Góða nótt, góða nótt, góð nótt, góða nótt.

Við elskum ykkur meira en orð fá lýst.
Já, einu gildir hvernig hjólið snýst,
því ef þið eruð heilbrigð, glöð og góð
getur enginn bætt neinu í ykkar sjóð.
En af hverju eru þá öll þessi börn
sem eiga í heiminum enga vörn?
Góða nótt, góða nótt, góð nótt, góða nótt.
Góða nótt, góða nótt, góð nótt, góða nótt.

Það er svo gott að sofna svæfli á
og svífa inn í draumalöndin blá.
Ef þú vaknar illa þá er einhver hér,
einhver sem hefur vakað yfir þér.
En hver á öll heimsins einmana börn
sem eiga enga hlíf, sem eiga enga vörn?
Góða nótt, góða nótt, góð nótt, góða nótt.
Góða nótt, góða nótt, góð nótt, góða nótt.